



Ragnheiður Jónsdóttir  
Ream  
við vinnu



Tvö málverk eftir Ragnheiði, sem sýna, að hún var búin að ganga í gegnum ýmis þróunarstig. Efri myndin er í eigu Listasafns ríkisins.

Bragi Ásgeirsson

# RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

Yfirlitssýning á verkum þessarar merku listakonu verður opnuð að Kjarvalsstöðum í dag.

Þegar þetta greinarkorn kemur fyrir sjónir lesenda, stendur yfir sýning á verkum **Ragnheiðar Jónsdóttur Ream** að Kjarvalsstöðum. Þetta mun vera úttekt á ferli listakonunnar á myndlistarsviði, en hún lést á sextugsaldri árið 1977 og einmitt er list hennar stöð í hvað mestum blóma. Ekki telst það hár aldur á vorum dögum og sé tekið mið af ytra sem innra atgervi Ragnheiðar Ream, kom andlát hennar þeim mjög á óvart, er hana þekktu eða voru henni kunnugir. Lífsorkan geislaði frá þessari hæglátu, traustvekjandi og gjörvilegu konu og hún virtist einnig eiga svo margt ógert á því sviði, sem hún hafði haslað sér völl með þeim glæsibrag að lengi verður minnst.

Stundum verður manni á að hugleiða, hvað það sé, sem beini fólki út á listabrat-

ina og þótt svörin kunni að reynast mörg, er eitt alveg víst og það er, að allur markverður árangur er borinn uppi af áhuga á viðfangsefninu. Allur ferill Ragnheiðar er táknrænt dæmi um áhuga, er fyrir ákveðnar ytri aðstæður kviknar smám saman, bætur stöðugt við sig þar til viðfangsefnið heltekur gerandann, — og þegar svo er komið, liggur engin leið til baka . . .

— Raunveruleikinn virtist öðru fremur vera svið þessarar listakonu sem tók hlutunum eins og þeir komu og stóð með báða fæturna á jörðinni í átakamikilli listsköpun sinni. Hún var greind, rökföst, skapmikil og nálgadist viðfangsefni sín með opnum skynrænum huga, einarðlega og umbúðalaust, en svo komu vinnubrögð hennar mér fyrir sjónir.

— Listferill Ragnheiðar er saga um

konu er hóf að mála í tómsundum sínum í stað þess að hamra á píanó, því pentskúfurinn er hljóðlátari tjámiðill tónlistinni og stórum minna ónæðissamur í fjölbýlishúsi — þannig að nágrannarnir hafa enga ástæðu til athugasemda. Dálitið undarlegt upphaf, en upphaf þó og það skiptir öllu máli, því að þetta reyndist visirinn að því, að íslenska þjóðin eignadist einn sinn markverðasta málara á því tímaseiði er gerandinn vann að list sinni.

Það má nokkurn veginn slá því föstu, að enginn fæðist með áhugann fyrir listum frekar en altalandi, þótt gáfurnar séu fyrir hendi, heldur þurfi ytri aðstæður til að yta þróunarferlinu af stað, sem svo fæðir af sér mikinn árangur og mikla list.

Ragnheiður unni alltaf tónlistinni af lífi og sál og hafði lært að spila á píanó heima á

Íslandi áður en hún hélt utan til Ameríku í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar, hafði jafnvel verið í söngtímum. Þetta var allt mjög eðlilegt, því mikið mun hafa verið um tónlist í umhverfi hennar, því hún var dóttir Jóns Halldórssonar söngstjóra, og konu hans, Sigríðar Bogadóttur, er voru þekktir Reykvikingar og byggðu húsið að Hólavallagötu 9.

Samskipa Ragnheiði vestur um haf var m.a. Louise Matthíasdóttir er var á leið til myndlistarnáms í New York, en sú átti sannarlega eftir að gera garðinn frægan með list sinni og er ennþá búsett á áfangastaðnum, gift Leland Bell listmálara og prófessor í myndlist. Merkilægt tilviljun máski, en hvað Ragnheiði snerti, var fjarri því að hún hugsaði um myndlist um þær mundir.